

Atvinnuveganefnd  
Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík  
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. nóvember 2023  
E-2023-286/00.11

Efni: **Umsögn tillögu til þingsályktunar um að flýta uppbyggingu flutningskerfis raforku**

Vísað er til umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis sem barst í tölvupóst 9. nóvember 2023. Um er að ræða þingsályktunartillögu sem kveður á um hröðun á uppbyggingu Blöndulínu 3, Holtavörðulínu 1, Holtavörðulínu 3 og Suðurnesjalínu 2, með það að markmiði að draga úr sóun, truflun og flutningstapi og stuðla þannig að bættu afhendingaröryggi og orkunýtni.

Á síðustu árum hefur nýting virkjana farið vaxandi jafnt og þétt og eftirspurn vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm í vinnslu- og flutningskerfi raforku til að bregðast við áföllum. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að þetta ástand sé ekki tímabundið heldur komið til að vera og telur nauðsynlegt að gripið verði til ráðstafana til að tryggja raforkuöryggi til lengri og skemmri tíma. Hér þarf að hafa í huga sérstakt eðli lokaðs og einangraðs kerfis sem byggir að mestu á vatnsorku án samtenginga, gasorkuvera eða annarra öryggisventla.

Landsvirkjun fagnar almennt öllum aðgerðum stjórnvalda sem eru til þess fallnar að auka skilvirkni og samtengingar raforkukerfisins og lýsir fyrirtækið yfir stuðningi við þessa þingsályktunartillögu. Ljóst er að raforkuþörf mun aukast umtalsvert á næstu árum og mikilvægt er að gripið verði til ráðstafana til að tryggja raforkuöryggi landsins. Styrking flutningskerfisins mun bæta nýtingu raforku á landinu og opna ný græn sóknarfæri fyrir uppbyggingu orkuvera, stuðla að árangri í orkuskiptum og styðja við atvinnusköpun í landinu.

Virðingarfyllt,

**Kristín Linda Árnadóttir**  
Aðstoðarforstjóri

**Óli Grétar Blöndal Sveinsson**  
Forstöðumaður þróunar vatnsafls